

2. fundur

Kaplakrikahópurinn 22. ágúst 2018


Mættir: Ljósbrá Baldursdóttir formaður, Ásmundur Ingvarsson, Viðar Halldórsson og Valdimar Svavarsson

Starfsmenn: Geir Bjarnason, Rósa Steingrímsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir og Helga Stefánsdóttir

Fjarverandi: Skarphéðin Orri Björnsson

Gestur: Viktor Sigurðsson byggingafræðingur

1. Fundargerð síðasta fundar ekki klár til samþykktar. En fyrsta mál hvers fundar skal vera samþykkt fundargerðar síðasta fundar.
2. Fyrsta greiðsla vegna kaupa og framleiðslu á knatthúsinu gekk eftir í síðustu viku.
3. Viktor fór yfir vinnu við gerð eignaskiptasamninga sem hófst fyrir um 10 árum eða janúar 2009 og ekki verið klárað. 2017 var gerð tillaga vinnuhóps að skiptingu sem var nokkuð klár en þá átti að ákveða verðmat. Til er gagn frá 2002 frá Strendingi um það sem er óljóst í eignarhaldi. Það er óvissa um heildarmyndina og um matshluta 2 (útisvæði).
4. Umræða um númer og hvernig eigi að skilgreina velli og æfingarsvæði sem eru dýr íþróttamannvirki. Viktor skoðar þetta hvernig best er að hafa þetta. En vegna vinnu við eignaskiptasamningin er betra fyrir alla að þetta sé ljóst og skýrt auk þess að vera vel merkt. Hópurinn þarf að skoða skýrslu Strendings og skipulagsupprátt, drög Viktors og heimsækja svæðið.
5. Verða lóðaréttindi 80/20 eftir að bærinn kaupir húsin þrjú? Umræða um lóðaleigusamning og hvort hægt sé að finna leið. Trúlega er besta leiðin fyrst að eigendur eru bara tveir aðilar að finna tölu sem gildir yfir allt svæðið.
6. Rætt um aðgengi að gögnum og geymslu þeirra fyrir fundarmenn.
7. Sigríður sendir út samninga, annars vegar samning frá 1989 þar sem fjallað er um að Hafnarfjarðarbær afhendir FH handboltahúsið og hinsvegar samninginn frá 2005 og 2007 um leigu á Risanum.
8. Rætt um framvindu, hvernig hægt sé að meta framgang verkefnisins. Nú vantar staðfestingu frá framleiðanda að framleiðsla á húsinu er hafin. Beðið er eftir þessari staðfestingu af hendi FH og okkar.
9. Veðsetningar knatthúsanna. Fundur í bígerð með banka um útfærslu á því hvernig hægt verði að flytja veðheimildir af Risa og Dverg yfir á Skessuna.
10. Fjárheimildir í ár er 200 milljónir og til eru 70 í áætlun fyrir 2017 sem hægt væri að sækja í verkið. Búið er að eyða einhverju af þessari fjárheimild í undirbúning. Rætt um fjárhagsáætlun og fjármögnun og leiðir.
11. Þinglýsta þarf sölubanni og veðsetningarbanni á eignirnar.
12. Verðmætamat. Meta þarf eignirnar. Ef eignir eru hærri eða lægri en áætlað kaupverð þá breytist eignahlutur Hafnarfjarðar/FH. Hafnarfjörður eignast hlut í öðrum eignum ef matið er lægra en ef matið er hærra heldur FH hlut í mannvirkjum. Aðferðarfræði við verðmat á íþróttamannvirkjum er óljós og getur verið rétt að nota afskrifað endurstofnsverð, þar sem virkur markaður er ekki fyrir hendi.
13. Byggingaleyfi vegna Skessunnar útrunnið og þarf að endurnýja umsókn um það.
14. Næsti fundur fer fram upp í Kaplakrika þriðjudaginn 29. kl. 8:30


Geir Bjarnason
Valdimar Svavarsson
Ljósbrá Baldursdóttir

Geir Bjarnason ritari